

Ed.

**290. Frumvarp**

til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44,  
30. júlí 1909.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 2. gr. komi ný málsgrein svohljóðandi:

Sendiræðismönnum framandi ríkja er heimilt að flytja frá útlöndum einu sinni á ári hæfilegan áfengisforða til heimilisparfa sinna um eitt ár í senn. Öðrum en þeim, sem hjer eru taldir, má eigi leyfa innflutning áfengis, flutning úr skipi í annað skip eða úr skipi í land.

2. gr.

Eftir 6. gr. komi ný grein, er verði 7. gr. og hljóði svo:

Enginn má taka við nokkurs konar áfengi úr skipi, er hefst við hjer við land, nje heldur taka við áfengi á floti, hvort heldur gegn endurgjaldi nje endurgjaldslaust.

3. gr.

16. gr. verði 17. gr. og orðist svo:

Brot gegn 7. og 8. gr. laga þessara verða 100—1000 kr. sektum, og skal áfengið ásamt ilátum verða eign landssjóðs.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar er konungur hefir staðfest þau.